

53

27. marz

AUGLÝSING

**um breyting á gjaldskrá fyrir Fiskræktar- og veiðifélagið Blanda
nr. 14 5. marz 1930.**

1. Enni 90 einingar fyrir 140 einingar.
2. Blönduós, 200 einingar fyrir 85 einingar.
3. Hnjúkur, 180 einingar fyrir 140 einingar.

Við arðskrána bætist: Mælifelli 30 einingar, Eyvindarstaðaheiði 40 einingar og Auðkúluheiði 40 einingar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

54

3. apríl

AUGLÝSING

um erlend vegabréf.

Með tilvisun til auglýsingar dómsmálaráðuneytisins frá 1. júní 1937, sem sett var samkvæmt 3. mgr. 8. gr. reglugerðar um eftirlit með útlendingum frá 24. maí 1937, er hér með ákveðið að menn með tékkoslovakisk vegabréf þurfi eftir 15. apríl 1939 að fá staðfestingararitun (vísun) á vegabréf sín, ef þeir ætla að ferðast til Íslands.

Í dómsmálaráðuneytinu, 3. apríl 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

55

11. apríl

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar skal greiða fasteignaskatt samkvæmt lögum nr. 69 31. des. 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af verzlunarlóðum og lóðum til atvinnureksturs 2%.
2. Af verzlunarhúsum, verksmiðjum, byggingum til atvinnureksturs, bryggjum og álíka mannvirkjum 1%.
3. Af byggingarlóðum byggðum og óbyggðum 1,5%.
4. Af íbúðarhúsum 0,75%.
5. Af túnum, matjurtagörðum, fiskreitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og lendum 0,5%.